

## Breytingartillögur

við frv. til l. um samræmda neyðarsvörun.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 2. gr.
  - a. Í stað orðsins „leyfi“ í 3. mgr. komi: heimild.
  - b. Við 3. mgr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Sömu aðilar skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að vaktstöð samræmdrar neyðarsvörunar berist sjálfvirkt með rafrænum hætti nýjustu gögn um notendur, auðkenni þeirra og staðsetningu, eftir því sem við verður komið.
2. Við 3. gr. Í stað orðanna „Vaktstöðvar skulu vera í Reykjavík og á Akureyri“ í 3. málsl. 1. mgr. komi: Vaktstöðvar skulu vera tvær og önnur þeirra í Reykjavík.
3. Við 5. gr.
  - a. Í stað orðsins „beiðni“ í fyrri málslíð 4. mgr. komi: tilkynningar.
  - b. Orðin „við boðun viðbragðsaðila“ í síðari málslíð 4. mgr. falli brott.
4. Við 6. gr. Í stað orðanna „Afritun og skráning tilkynninga skv. 5. gr. skal varðveitt“ komi: Skrár yfir tilkynningar og afrit af samskiptum tilkynnanda og vaktstöðvar skv. 5. gr. skulu varðveittar.
5. Við 8. gr.
  - a. Orðin „m.a. með hluta af jöfnunargjaldi sem innheimt er á grundvelli fjarskiptalaga“ í 3. mgr. falli brott.
  - b. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Rekstur þess hluta starfsemi rekstraraðila sem telst í frjálstri samkeppni við aðra aðila skal fjárhagslega aðskilinn rekstri vaktstöðvar samræmdrar neyðarsvörunar.